

Fundargerð

Aðalfundur þekkingarseturs Vestmananeyja ses. var haldinn mánudaginn 30. apríl 2018 kl. 10.30 í fundarstofu á 2. hæð í húsnæði ÞSV að Ægisgötu 2, Vm. Til fundarins var boðað með tölvupósti með tveggja vikna fyrirvara og síðan ítrekað með tölvupósti til stofnaðila sl. föstudag. Mættir voru fulltrúar frá 12 stofnaðilum ÞSV sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár.

Ellið Vignisson, bæjarstjóri, form. stjórnar setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Lagði hann til að Arnar Sigurmundsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Að því loknu tók fundarstjóri við og gerði að tillögu um að Páll Marvin Jónsson, frkvstj. ásamt fundarstjóra rituðu fundargerð og var það samþykkt.

Því næst var gengið til dagskrár.

1. mál. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra ÞSV

Elliði Vignisson form. fór yfir helstu verkefni stjórnar og framkvæmdastjórnar ÞSV sem varða fjölpætta starfsemi sem til viðbótar snéru að að framkvæmdum á annari hæð að Ægisgötu 2, vesturhúsi Fiskiðjunnar. Langþráðu marki var nað í húsnæðismálum ÞSV þegar nýtt og glæsilegt húsnæði var vígt 26. janúar 2018. Vísað er að öðru leiti til skýrslu stjórnarformanns í Ársskýrslu ÞSV sem gefin var út í dag og er á heimasíðu ÞSV setur.is. Að endingu þakkaði form. starfsfólk og stjórn fyrir samstarfið.


Páll Marvin Jónsson, frkvstj. fór yfir starfsemi ÞSV árið 2017 og að nokkru einnig yfir þann tíma sem liðin er af þessu ári. Vísað er til Ársskýrslu ÞSV 2017 sem er að finna á heimasíðu ÞSV – setur.is – en þar fer framkvæmdastjóri yfir starfsemi Kjarnasviðs, Safnasviðs og Stoðsviðs ÞSV og greinir einnig frá framkvæmdum við Ægisgötu 2 og þeim breytingum sem eru væntanlegar í starfsemi ÞSV nú þegar alþjóðlega stórfyrirtækið Merlin hefur framkvæmdir við byggingu hvalalsundlaugar og síðar innréttningar á 1. hæð Ægisgötu 2 undir glæsilegt náttúrugripa- og fiskasafn.

2. mál ársreikningur ÞSV 2017

Hafsteinn Gunnarsson, endurskoðandi hjá Deloitte fór yfir ársreikning ÞSV 2017. Heildartekjur námu 119.658.771 millj. kr., á móti 99,0 millj. kr. 2016. Helstu ástæður meiri umsvifa má rekja til verkefnis um endurbýggingu hluta hússins Blátinds við Heimagötu fyrir Vm.bæ – samtals 8,7 millj. kr. og útseldrar vinnu starfsmanns ÞSV 6,0 millj. kr. til S-30 vegna vinnu við framkvæmdir að Ægisgötu 2. Hagnaður 2017 varð kr. 2,1 millj. kr.

Niðurstaða efnahagsreiknings 31. des. 2017 var kr. 113.049.819 þar af eigið fé 59.243.940. Samhliða gerð leigu- og þjónustusamnniga í ársbyrjun var gengið frá samningum við Háskóla Íslands vegna fyrirframgreiddrar húsaleigu og þjónustugjalda HÍ að Ægisgötu 2 og voru samningar hluti af nýjum húsdaleigusamnningi ÞSV og HÍ. Einnig var endanlerga lokið við uppgjör vegna sjávarrannsókna ÞSV, en skilyrði styrksins voru uppfyllt að hálfu ÞSV fyrir nokkrum árum en lokafærsla nú tekjufærð og eftirstöðvar skuldbindingar 3,7 millj. kr. felld niður um leið.

Nokkrar fyrirspurnir komu fram vegna skýrslu stjórnar og ársreiknings og var þeim svarað. Að því búnu var ársreikningurinn borinn undir atkvæði fundarmanna var hann einróma samþykktur.



3. mál. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Stjórn þSV var endurskjörin, Elliði Vignisson, Arnar Sigurmundsson, Sveinn Margeirsson, Sigurður Guðjónsson, Sæunn Stefánsdóttir, Thelma Hrund Kristjánsdóttir, Páll Guðmundsson. Í varastjórn Ásdís Sævaldsdóttir og Guðný Óskarsdóttir.

Deloitte var endurkjörinn sem endurskoðandi þSV.

4. mál. Þóknun til stjórnar og endurskoðanda

Aðalfundurinn samþykkti tillögum um þóknanir til stjórnarmanna, kr. 100 þús. á ári á mann fyrir liðið starfsár og 20 þús. kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund. Formaður fær tvöfalta þóknun og varaform 50% álag á þóknun stjórnarmanan, en þeir sitja báðair í framkvæmdaráði þSV og er ekki frekar en áður greidd þóknun fyrir setu í framkvæmdaráði þSV. Haldnir voru fjórir formlegir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi þSV, en framkvæmdaráð hélt fjölmarga fundi. Eru þetta sömu þóknanir voru greiddar hafa verið undanfarin ár. Tillagan var samþykkt mótakvæðalaust. Endurskoðandi fær greitt samkvæmt samþykktum framlögðum reikningi eins og áður.

5. mál. Breytingar á samþykktum þSV

Engar tillögur lágu fyrir fundinum um breytingar á samþykktum þSV.


6. mál. Rektraráætlun þSV 2018

Páll Marvin Jónsson, frkvstj. gerði grein fyrir rekstraráætlun 2018 og er þar gert ráð fyrir svipuðum umsvifum og á síðasta ári. Niðurstöður áætlunar fyrir 2018 gera ráð fyrir hagnaði að fjárhæð um 2,0 millj. kr. Árið 2018 mun mólast mjög að flutningi í nýtt húsnæði þar sem húsaleiga verður mun hærri en að Strandvegi 50 og sama gildir um selda þjónustu vegna reksturs og sameiginlegrar þjónustu og sértækrar. þSV gerði 25 ára húsaleigusamning við Vestmannaeyjabæ um leigu á allri 2. hæðinni að Ægisgötu 2 um 1.040 ferm. alrými sem þSV síðan endurleigir til 13 fyrirtækja og stofnana í sérrými og sameiginlegt sérrými. Nýting á sérrými og sameiginlegt sérrými er um 60%. Flestir leigusamningar leigutaka hjá þSV eru til sex ára, með möguleikum á framlengingu.

7. mál. Tillaga um lækkun hlutafjár þSV í S-30 fasteignafélagi ehf.

Aðalfundur S-30 ehf. sem er alfarið í eigu þSV samþykkti fyrr í dag að færa niður hlutafé í S-30 fasteignafélagi úr 22,0 millj. kr. í 4,5 millj. kr. eða um 17,5 millj. kr. og samhliða að færa niður eignfærslu í efnahagsreikningi S-30 ehf. úr kr. 22.934.521 í kr. 4.434.521 kr. Ástæða þessara niðurfærslna er að útgjöld vegna framkvæmda við Strandveg 30, árin 2013-2015 sem síðar var fallið frá nýttist ekki nema að mjög litlu leiti við framkvæmdir að Ægisgötu 2. Hefur þessi niðurfærsla ekki áhrif á efnahag þSV eða S-30 ehf. og kemur til framkvæmda strax að loknum aðalfundum þSV og S 30 ehf.

Nokkrar fyrirspurnir komu um ástæðu lækkunar hlutafjár í S-30 ehf. og samhliða lækkun skuldbindingar þSV. Eftir að þeim hafði verið svarað var tillagan samþykkt einróma. Upplýst var að Hafsteinn Gunnarsson endurskoðandi hefur gengið frá breytingum á samþykktum S-30 ehf. vegna lækkunar hlutafjár í félagini og yerður hún send að loknum aðalfundi til Fyrirtækjaskrár.


Meira ekki bókað - Fundi slitið kl. 11.50
Arnar Sigurmundsson, fundarstjóri

Páll Marvin Jónsson ritaði fundargerð ásamt fundarstjóra